

Miðvikudaginn 12. apríl 1989.

Nr. 128/1989. **Ákærvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttar-dómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m.

Réttargæslumaður varnaraðila krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að stað-festa hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1989.

Ár 1989, sunnudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, X verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 21. apríl n.k. kl. 16.00, en hann er grunaður um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir eru þeir að Y hefur lagt fram kæru á hendur kærða vegna nauðgunar er hún kvaðst hafa orðið fyrir síðastliðna nótt að ... hér í borg. Kveðst kærandi hafa hitt kærða í gærkvöld í íbúð að ..., þar sem þau voru bæði gestkomandi. Hafi fólkið haldið þaðan á skemmtistaðinn Þórscafé, þar sem kærandi kveðst hafa dansað við kærða. Að loknum dansleik fór

kærandi í íbúðina að ..., þar sem hún hugðist gista, og var kærði í för með henni. Reyndi kærandi að losna við kærða, en það tókst ekki og að sögn kæranda kom til átaka á milli þeirra og tókst kærða að hafa samfarir við kæranda að henni nauðugri. Lauk viðskiptum þeirra þannig, að kunningi sambylismanns hennar kom að þeim í svefnherberginu.

Kærði hefur neitað að hafa nauðgað kæranda, en kveðst hafa leitað eftir samförum við hana, en hún hafi ekki viljað þýðast sig.

Bæði bera þau merki átaka og hefur kærandi borið að hún hafi bitið kærða og samkvæmt læknisvottorði vottar fyrir tannaförum á vinstri öxl kærða.

Í gær fékk kærði reynslulausn eftir 1½ árs fangavist, en í nóvember 1986 var kærði dæmdur í 2½ árs fangelsi fyrir brot gegn 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og kærði er undir rökstuddum grun um að hafa þröngvað stúlku til samræðis, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 21. apríl nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 21. apríl 1989 kl. 16.00.